

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi kosningu á alþingismanni.** Þjer hafð, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 18. f. m., óskað fyrirskipunar stjórnarráðsins um það, hvort Akureyrarkaupstað beri rjettur til hluttöku í kosningu á alþingismanni í stað herra landritara Kl. Jónssonar, þeirri er fyrirskipuð er með auglýsingu 25. maí þ. á. Hafð þjer tekið það fram, að þarsem engin bein fyrirmæli sjeu um þetta atriði, hvorki í lögum nr. 18 eða nr. 19 frá 3. október 1903, verði að fara eptir því, sem sanngjarnt sje og rjettast eptir eðli málsins, og virðist yður þá eðlilegast að sýslan ráði ein kosningu þessari, án nokkurrar hluttöku af hálfu bæjarins, því að þarsem bærinn fái samkvæmt lögum nr. 19, 3 okt. 1903 þingmann útaf fyrir sig, án þess að sýslan taki nokkurn þátt í kosningu hans, virðist þaraf leiða, að bænum þá aptur beri eigi nein hluttaka í kosningu þingmanns þessa fyrir sýsluna, en bærinn sje með síðastgreindum lögum algerlega skilinn frá sýslunni sem sjerstakt kjördæmi.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að meðþviáð stjórnarráðið er þeirrar skoðunar, að orðin í lögum nr. 19, 3. oktbr. 1903: »og falla þá við þær kosningar o. s. frv.« eigi við þær kosningar, sem fyrstar fara fram í kaupstaðnum sem kjördæmi útaf fyrir sig, og að almennar kosningar sjeu sjerstaklega nefndar af því, að þær hafi vakað fyrir huga löggjafans sem hið eina sennilega eða fyrirsjáanlega tilfelli umleið og fyrirskipað er, að aukakosning sú, er lögin ræða um, skuli fara fram samtímis þeim, og stjórnarráðið auk þess yrði að álita annan skilning óeðlilegan og ósamkvæman vilja löggjafarvaldsins, verður stjórnarráðið að álita, að Eyjafjarðarsýsla útaf fyrir sig eigi að kjósa þingmann í stað landritara Kl. Jónssonar, án hluttöku af hálfu kaupstaðarins.

**Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Sudurarstínu og Vesturamtínu um hvort skoða eigi súran kirsuberjasafa sem áfengan drykk.** Með brjefi, dagsettu 2. þ. m., hafð þjer, herra amtmaður, sent hingað 11. júlí brjef frá sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, þar sem hann skýrir frá því, að við rannsókn á súrum kirsuberjasafa, sem flytjist þangað, hafi það komið í ljós, að talsvert áfengi, 11.32% (þyngdar) = 14% (fyrirferðar) sje í nefndum vökva, og í annan stað spyrst fyrir um það, hvort eigi beri að skoða nefndan kirsuberjasafa sem annað áfengi, þótt hann að vísu upphaflega sje ætlaður til matar, og hvort eigi skuli beita hegningarákvæðum laga 11. nóvbr. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi, gegn þeim, er framvegis kynnu að verzla með vökva þennan, án þess að hafa leyfi til áfengisverzlunar. Jafnframt því að geta þess, að þjer sjeuð í engum efa um það, að spurningu sýslumannsins eigi að svara játandi, hafð þjer beiðzt úrlausnar stjórnarráðsins hjerum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir nefndum sýslumanni, að stjórnarráðið getur eigi verið yður samdóma um, hvernig svara eigi umræddri fyrirspurn. Stjórnarráðið verður að vera

4. dag ágúst mánaðar 1904.

**82** þeirrar skoðunar að súr kirsuberjasafi verði eigi talinn með drykkjum, og þá 11. júlí eigi með áfengum drykkjum. Að hann hafi eigi verið talinn hingað til með áfengum drykkjum, þótt nokkurt áfengi sje í vökva þessum, sjest bezt á því, að hann aldrei hefir verið tollaður, enda verður þessi vöruhegund ekki að skoðun stjórnarráðsins heimfærð undir neitt ákvæði í hinum nügildandi tollögum, og sjerstaklega virðist hún eigi verða heimfærð undir »önnur vínföng«, en í lögum nr. 26 frá 11. nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja virðist »áfengir drykkir« svara alveg til »vínföng« í toll-lögunum. Stjórnarráðið verður því að vera þeirrar skoðunar, að lagaheimild vanti bæði til að tolla súran kirsuberjasafa, þótt eitthvert áfengi sje í honum, og til þess að banna að selja hann án áfengissöluleyfis, ef áfengi er ekki meira í honum en venjulegt er við framleiðslu þeirrar vöruhegundar, o: ef ekki er sett áfengi í hann í þeim tilgangi að gjöra hann að áfengum drykk. Annars getur sýslumaður, ef honum sýnist, fengið úrskurð dómstólanna um spurningu þessa, svo framarlega sem hinn umtalaði vökvi hefir verið seldur, eða verður seldur í lögsagnarumdæmi hans af öðrum en þeim, er leyfi hefir til að selja áfenga drykki.

**83** Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi um að prestar 16. júlí skulu leystir frá að semja árlega skýrslur um holdsveika menn. Þjer hafið, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 30. maí þ. á., lagt það til, að prestar landsins verði framvægis leystir frá þeirri skyldu, sem hingað til hefir á þeim hvílt, að safna og semja árlegar skýrslur um holdsveika menn og um andvana fædd börn, og að þessi störf verði lögð á hjeraðslækna, þar sem það virðist vel framkvæmanlegt fyrir lækna eptir því sem skipun læknahjeraða sje nú komið, en störf þessi sjeu aptur mjög sundurleit köllunarverki prestanna.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar, að stjórnarráðið vill leysa presta frá skyldu þeirra til að gefa skýrslur um holdsveika menn, en aptur á móti þykir eigi ástæða til þess að leysa þá undan skyldunni til að semja skýrslur um andvana fædd börn, sem þeir því framvægis skulu semja einsog að undanförunu.

**84** Brjef stjórnarráðsins til framkvæmdarstjórnar Íslands banka um 16. júlí hlunnindi handa sparisjóðsdeildum bankans.

Eptirað stjórnarráðinu hefur borizt brjef hinnar heiðruðu framkvæmdarstjórnar, dags. 15. þ. m., veitir það hjer með sparisjóðsdeildum Íslands banka um 5 ár frá 1. ágúst næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum að farið sje eptir reglugjörð þeirri fyrir sparisjóðsdeildirnar, er framkvæmdarstjórnin hefir gefið út 15. þ. m. og sent hingað með nefndu brjefi sínu